



Borðtennissamband Íslands

## REGLUGERÐ UM STYRKLEIKALISTA BTÍ

### 1. gr. Tilgangur.

Styrkleikalisti BTÍ á að gefa til kynna styrk keppenda. Styrkleikalistinn ákvarðar röðun keppenda í flokka og röðun þeirra í mót á vegum BTÍ, sbr. 2. og 3. gr. hér á eftir.

### 2. gr. Styrkleikatöflur.

Styrkleikatöflurnar hér á eftir sýna röðun keppenda í flokka samkvæmt styrkleikalista:

	karlar:	konur:
Meistaraflokkur	1750 stig eða meira	1500 stig eða meira
1. flokkur	1500-1749 stig	1300-1499 stig
2. flokkur	1499 stig eða minna	1299 stig eða minna

### 3. gr. Opinber listi og gildissvið.

BTÍ skal birta opinberlega uppfærðan lista níu sinnum á ári: 1. október, 1. nóvember, 1. desember, 1. janúar, 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní. Nýjasti listi hverju sinni ákvarðar röðun keppenda í flokka í samræmi við 2. gr. í mót BTÍ. Sérstakur listi skal birtur fyrir konur annars vegar og karla hins vegar. Þessi birting er hinn opinberi listi.

### 4. gr. Áhrifasvið.

Öll keppni á vegum BTÍ fellur undir styrkleikalista BTÍ. Mótshaldarar skulu að öllu jöfnu við það miða að listinn ákvarði röðun virkra leikmanna í mótin. Mótshaldarar skulu senda öll úrslit móts í rétttri tímaröð í síðasta lagi þremur dögum eftir lok móts til mótanefndar BTÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, 104 Reykjavík.

### 5. gr. Vægi móta.

Mót hafa mismunandi vægi samkvæmt eftirfarandi lista:

- Íslandsmót fullorðinna, vægi 4.
- Íslandsmót unglunga og eldri flokka, Grand-Prix, úrvalsmót, bikarkeppni félaga og 1. deild karla og kvenna, vægi 3.
- Opin mót (þ.m.t. punktamót), landshluta- og svæðismót fullorðinna, flokkakeppni unglunga og 2. deild karla og kvenna, vægi 2.
- Aldursflokkamót, byrjenda- og eldri flokkur í opnum mótum, utandeild í flokkakeppni, vægi 2.

### 6. grein. Nýir leikmenn

Nýir leikmenn eru settir inn á styrkleikalista byggt á úrslitum á fyrsta móti sem þeir taka þátt í. Nýr leikmaður sem vinnur alla sína leiki er metinn inn á styrkleikalista með 25 styrkleikastig ofar en stigahæsti maður sem hann vann. Leikmaður sem kemur nýr inn og tapar öllum sínum leikjum er metinn inn 25 styrkleikastigum neðar en stigalægsti maður sem hann tapaði fyrir. Þegar nýr leikmaður bæði vinnur og tapar á sínu fyrsta móti er tekið meðaltal af stigafjölda stigahæsta leikmannsins sem hann vann og stigalægsta leikmannsins sem hann tapaði fyrir. Ef leikmaður sem tekur þátt í móti á vegum BTÍ er ekki á nýjasta styrkleikalista skal notuð síðasta skráning hans á styrkleikalista.

Ef leikmaður tók síðast þátt í móti áður en styrkleikalistakerfið var tekið upp skal leikmaðurinn metinn inn í styrkleikalistan með lágsta stigafjölda í þeim flokki sem hann var síðast í. Þannig fari t.d. leikmaður sem var síðast í 1. flokki karla inn með 1500 stig á styrkleikalistan.

Nýr leikmaður, sem er ósáttur við upphaflega röðun sína á styrkleikalista, getur skotið röðuninni til stjórnar BTÍ, sem úrskurðar í málinu innan 2 vikna.



#### **7. gr. Virkir leikmenn og baklisti**

Birting styrkleikalista skal ná yfir virka leikmenn, sem eru þeir leikmenn sem hafa tekið þátt í mótum á vegum BTÍ á yfirstandandi keppnistímabili og síðustu þrjú ár þar á undan. (Þannig að fyrir keppnistímabilið 2008-2009 séu þeir virkir sem hafa tekið þátt í mótum frá 1. janúar 2006).

Allir leikmenn sem hafa styrkleikastig frá árinu 2003 eða síðar skulu vera á aðgengilegum styrkleikalista á vef BTÍ, sem er svokallaður baklisti.

Óvirkir leikmenn á styrkleikalista skulu vera skráðir með lágsta stigafjölda þess flokks er þeir kepptu í síðast og snúi þeir aftur til keppni hefja þeir keppni með þann stigafjölda.

#### **8. gr. Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 1. febrúar 2009 og falla eldri reglugerðir um styrkleikalista BTÍ þar með úr gildi.

Samþykkt á aukapingi BTÍ þann 31. janúar 2009.

**Reglugerð um styrkleikalista BTÍ er í 8 greinum. Síðustu breytingar voru uppfærðar á stjórnarfundi BTÍ í 7. maí 2017.**

## Um styrkleikalista BTÍ

Styrkleikalisti BTÍ gefur til kynna styrk keppenda á hverjum tíma. Styrkleikalistinn ákvarðar röðun keppenda í flokka og í mót á vegum BTÍ. Til er reglugerð um styrkleikalistann sem tók gildi 1. september 2002, sjá undir Lög og reglugerðir á vef BTÍ. Hún tekur á flestum atriðum sem þarf til að vinna og uppfæra styrkleikalista en örfá atriði eru ennþá ófrágengin. Verða lagðar fram tillögur á næsta ársþingi BTÍ til að ganga frá þessum atriðum. Þau fjalla m.a. um það hvernig skuli meta nýja leikmenn inn í styrkleikalistann.

Styrkleikatöflurnar sýna röðun keppenda í flokka samkvæmt styrkleikalista (2. gr.):

	karlar:	konur:
Meistaraflokkur	1750 stig eða meira	1500 stig eða meira
1. flokkur	1500-1749 stig	1300-1499 stig
2. flokkur	1499 stig eða minna	1299 stig eða minna

Í reglugerðinni er kveðið á um mismunandi vægi móta (5. gr.):

- Vægi 4 Íslandsmót fullorðinna.
- Vægi 3 Íslandsmót unglunga og eldri flokka, Grand-Prix mót, úrvalsmót, bikarkeppni félaga, 1. deild karla og kvenna.
- Vægi 2 Opin mót (þ.m.t. punktamót), landshluta- og svæðismót fullorðinna, aldursflokkamót, flokkakeppni unglunga og 2. deild karla.
- Vægi 1 Byrjenda- og eldri flokkur í opnum mótum.

Leikmenn vinna stig eða tapa stigum fyrir hvern leik sem þeir leika á mótum á vegum BTÍ. Hversu mörg stig þeir vinna eða tapa fer eftir þremur atriðum:

1. Mismun á milli styrkleika leikmannanna, skv. eftirfarandi töflu.
2. Hvort leikmaðurinn sem er með fleiri stig eða færri stig sigrar í leiknum.

### 3. Vægi móta, úr reglugerð, sjá hér að ofan.

#### Mismunur á stigum leikmanna:

- Ef mismunur er 0 – 24 stig er valin tala 1
- Ef mismunur er 25 – 49 stig er valin tala 2
- Ef mismunur er 50 – 99 stig er valin tala 3
- Ef mismunur er 100 – 149 stig er valin tala 4
- Ef mismunur er 150 – 199 stig er valin tala 5
- Ef mismunur er 200 – 299 stig er valin tala 6
- Ef mismunur er 300 – 399 stig er valin tala 7
- Ef mismunur er 400 – 499 stig er valin tala 8
- Ef mismunur 500 stig eða meiri er valin tala 9

#### Fjöldi stiga fyrir hvern leik er reiknaður þannig:

Tala	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Ef stigahærri leikmaður sigrar									
Vægi móts = 1	3	3	2	2	1	1	0	0	0
Vægi móts = 2	6	5	4	3	2	2	1	0	0
Vægi móts = 3	9	8	6	5	4	3	2	1	0
Vægi móts = 4	12	10	8	7	6	5	3	1	0
Ef stigahærri leikmaður tapar									
Vægi móts = 1	-4	-6	-8	-9	-12	-14	-19	-24	-29
Vægi móts = 2	-8	-10	-13	-17	-20	-25	-34	-45	-55
Vægi móts = 3	-8	-10	-13	-17	-20	-25	-34	-45	-55
Vægi móts = 4	-8	-10	-13	-17	-20	-25	-34	-45	-55
Ef stigalægri leikmaður sigrar									
Vægi móts = 1	4	6	8	9	12	14	19	24	29
Vægi móts = 2	8	10	13	17	20	25	34	45	55
Vægi móts = 3	12	16	20	24	29	37	49	65	81
Vægi móts = 4	16	21	25	32	37	48	65	86	108
Ef stigalægri leikmaður tapar									
Vægi móts = 1	-3	-3	-2	-2	-1	-1	0	0	0
Vægi móts = 2	-6	-5	-4	-3	-2	-2	-1	0	0
Vægi móts = 3	-6	-5	-4	-3	-2	-2	-1	0	0
Vægi móts = 4	-6	-5	-4	-3	-2	-2	-1	0	0

Þannig má sjá að það er mest hægt að tapa 55 stigum á



### *Lög og reglugerðir BTÍ*

einum leik og leikmaður getur mest unnið 108 stig í leik.

Dæmi um útreikning: Nonni er með 1500 stig og Jói er með 1300 stig. Mismunurinn er 200 stig (vísar á tölu 6).

Þeir leika á punktamóti (vægi 2) og Nonni vinnur. Þá fær Nonni 2 stig og Jói tapar 2 stigum.

Ef Jói vinnur fær hann 25 stig og Nonni tapar 25 stigum.

Ef þeir hefðu hins vegar leikið á Íslandsmóti (vægi 4) hefði Nonni fengið 5 stig fyrir að vinna og Jói fengið 48 stig hefði hann unnið.

Uppfærsla á styrkleikalista: Forritið fyrir styrkleikalistann vinnur þannig að þegar listinn er uppfærður fer forritið í gegnum þá leiki sem hafa verið leiknir í tímaröð og reiknar út styrkleika hvers leikmanns í hverjum leik fyrir sig. Þannig getur leikmaður sem er með 1500 stig fyrir mót verið með 1550 stig að móti loknu hafi honum gengið vel og því talist sterkari eftir mótið en í upphafi þess. Í deildarleik í vikunni á eftir telst hann því vera með 1550 stig í forritinu og hans stigagjöf fyrir

---

deildarleikinn miðast við þann styrkleika, enda þótt að styrkleikalisti hafi ekki verið birtur í millitíðinni. Mikilvægt er að leikskýrslum fyrir mót og leiki sé skilað tímanlega og þær lesnar inn í styrkleikalistann, því eldri leikir sem koma inn seinna breyta styrkleika leikmanna í öllum leikjum sem á eftir koma.

Skoðum aftur dæmið hér að framan um Nonna og Jóa. Jói er með 1300 stig og vinnur Nonna, sem er með 1500 stig á Íslandsmóti og fær 48 stig fyrir. Síðan er styrkleikalisti birtur. Fyrir næstu uppfærslu listans hefur verið skilað skýrslu um deildarleik sem fór fram á undan Íslandsmótinu. Þar hafði Jói unnið tvo sterka leikmenn og því var styrkleiki hans á Íslandsmótinu ekki réttur og var hann í raun með 1400 stig. Mismunurinn á milli Nonna og Jóa var því aðeins 100 stig (tala 4). Þess vegna fær Jói aðeins 32 stig fyrir að vinna Nonna á Íslandsmótinu í nýrri uppfærslu listans og Nonni

### *Lög og reglugerðir BTÍ*

tapar færri stigum fyrir að tapa fyrir Jóa en áður hafði verið gefið út. Styrkleiki Nonna breytist því líka enda þótt hann hafi ekki leikið síðan á Íslandsmótinu.

Nýir leikmenn: Reglugerð um styrkleikalista tekur ekki á því hvernig á að meta nýja leikmenn inn í styrkleikalistann. Sú vinnuregla er notuð að nýir ungir leikmenn eru settir inn með 1000 stig á sínu fyrsta móti, nema að sérstök ástæða sé til að ætla að þeir eigi að vera ofar á listanum.

Eldri leikmenn sem ekki hafa styrkleikastig eru metnir inn miðað við þau úrslit sem liggja fyrir á þeirra fyrsta móti.

Leikmaður sem kemur nýr inn og vinnur alla sína leiki fær stig ofar en stigahæsti maður sem hann vann. Leikmaður sem kemur nýr inn og tapar öllum sínum leikjum fær stig neðar en stigalægsti maður sem hann tapaði fyrir. Þegar nýr leikmaður bæði vinnur og tapar á sínu fyrsta móti er tekið meðaltal af stigafjölda þeirra leikmanna sem hann vinnur og tapar fyrir.

Tékk á leikjum á styrkleikalista: Allir geta farið yfir þau úrslit sem liggja að baki röðun á styrkleikalista. Það er gert með því að velja Úrslit á vef BTÍ og velja síðan það mót eða deildarleiki sem skoða á. Ef mót eða leiki vantar á vefinn hafa viðkomandi leikir ekki verið teknir með í listann. Eingöngu úrslit í einliðaleik fara inn á styrkleikalista. Ef eitthvað er vitlaust skráð þarf að koma athugasemdum til umsjónarmanns styrkleikalistans sem fyrst. Frá febrúar 2006 er það Ásta M. Urbancic, s. 552.60 33, netfang [astaurb@gmail.com](mailto:astaurb@gmail.com)

ÁMU